



# Ávarp stjórnarformanns

# Kæru aðalfundargestir

Árið 2017 var viðburðaríkt og farsælt hjá Íslandsbanka. Raunar má segja að þetta hafi verið ár mikilla breytinga þar sem bankinn kvaddi fyrrum höfuðstöðvar sínar á Kirkjusandi eftir 20 ára veru þar og flutti í Norðurtúrninn í Kópavogi. Það er því einstaklega ánægjulegt að taka á móti ykkur hér í dag. Skipulagi bankans var jafnframt breytt á árinu og mikil vinna hefur staðið yfir við að innleiða ný grunnkerfi til að gera bankann betur í stakk búinn fyrir tækniáskoranir, sem framundan eru.

Hagnaður á síðasta ári nam 13,2 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár var 7,5%. Hagnaður af reglulegri starfsemi var 13,8 milljarðar og jukust útlán til viðskiptavina um 9,8% á árinu og dreifðust þau vel á viðskiptaeiningar bankans.

## Jafnvægi í íslensku efnahagslífi

Það hefur ekki aðeins verið farsælt ár hjá Íslandsbanka heldur hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig íslenskt efnahagslíf hefur blómstrað. Eftir öran hagvöxt á liðnum árum ber þróun landsframleiðslu það með sér að toppi hagsveiflunnar sé náð. Vöxtur í ferðaþjónustu frá upphafi þessa áratugar á stærstan þátt í mikilli aukningu útflutningstekna og myndarlegum afgangi af utanríkisviðskiptum síðustu ára.

Atvinnuleysi hefur verið lítið og verðbólga hefur verið í samræmi við markmið Seðlabankans. Þrátt fyrir að spár geri ráð fyrir hóflegri hagvexti á næstu árum, þegar hægir á fjölgun ferðamanna og dregur

úr vexti einkaneyslu og fjárfestingum, eru taldar góðar líkur á að hagkerfið muni ná ágætu jafnvægi eftir vaxtarskeiðið. Skiptir þá máli að við nýtum þá fjárfestingu sem þegar hefur átt sér stað við uppbyggingu atvinnulífsins.

Einnig gefur hægari vöxtur einkageirans stjórnvöldum færi á að bæta í uppbyggingu innviða án þess að stöðugleika sé ógnað. Stoðir hagkerfisins hafa styrkst frá upphafi áratugarins, þökk sé minnkandi skuldsetningu heimila, fyrirtækja og hins opinbera. Þá eru erlendar eignir þjóðarbúsins nú orðnar meiri en erlendar skuldir þess. Sú þróun mun skila landsmönnum meiri hagsæld en ella þegar fram í sækir.

Sérstaklega má nefna þá jákvæðu þróun sem hefur náðst við að lækka skuldir ríkisins. Skuldir ríkisins námu 1.500 milljörðum króna á árinu 2012 en hafa lækkað um nærri 600 milljarða króna á síðustu fimm árum. Útlit er fyrir frekari lækkun þeirra á komandi árum ef nýjustu áætlanir ganga eftir. Þessi þróun lækkar vaxtakostnað sem er þó enn of hár og vegur þungt í útgjöldum ríkissjóðs.

Batnandi staða þjóðarbúsins hefur áhrif á rekstrarumhverfi bankanna eins og sést á hækkanði láns hæfismati og í kjölfarið hafa lánskjör bankans á erlendum mörkuðum orðið hagstæðari.



## Bankaskatturinn

Við, sem störfum í bankakerfinu, erum líklegast farin að hljóma eins og rispuð plata þegar við ræðum um bankaskattinn en það er ærin ástæða fyrir því eins og sífelld fleiri eru farnir að átta sig á. Það er sanngjarnt og eðlilegt að allir greiði sína skatta en við höfum reglulega vakið athygli á því að skattar og gjöld á íslenskar fjármálastofnanir eru með því hæsta sem þekkist á heimsvísu. Ef við berum okkur saman við nágrannalönd er skattbyrði fjármálastofnana hér fjórfalt þyngri en hjá nágrönnum okkar.

Á árinu 2017 greiddi Íslandsbanki 9,5 milljarða króna í skatta og þar af nam sérstakur bankaskattur og aðrir sértækir skattar 4,5 milljörðum króna. Fjársýsluskattur er lagður ofan á launakostnað íslenskra banka og sérstakur skattur er lagður á hagnað umfram 1 milljarð króna. Ofan á þetta leggst bankaskatturinn, sem er núna rétt undir 0,4% af heildarskuldum banka umfram 50 milljarða króna. Þessi upptalning er viðbót við hefðbundinn tekjuskatt, launaskatt og aðra almenna skatta.

Það veldur vonbrigðum að stjórnvöld skuli ekki þegar hafa afnumið þennan séríslenska skatt á sparnað eins og lagt var upp með þegar hann var tímabundið settur í lög. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir að bankaskattur skili 9,2 milljörðum króna í tekjur til ríkisins. Þessi mikla skattheimta veikir samkeppnisstöðu íslenskra banka, en það er bagalegt nú þegar samkeppni hefur aldrei verið meiri frá íslenskum sem og erlendum fjártæknifyrirtækjum auk skattlausra aðila er stunda skugga-bankastarfsemi.

Það er von okkar að stjórnvöld átti sig á þeim miklu hagsmunum sem eru í húfi fyrir ríkið sem eiganda Íslandsbanka þegar kemur að sölu hans. Bankaskattur dregur úr arðsemi bankans, lækkar verðmæti

hans og getur dregið úr áhuga eftirsóknarverðra langtímafjárfesta, þegar kemur að því að bankinn verður seldur.

## Framtíð bankakerfis

Í byrjun þessa árs birtust tillögur nefndar um skipulag bankastarfsemi á Íslandi. Þar kom margt jákvætt fram og þar er lögð áhersla á hvernig starfs- og fjármálakreppni 2008. Meðal þeirra tillagna sem þar er að finna er að fjárfestingabankastarfsemi verði girt af innan bankanna. Við á þessum bæ höfum verið fús til að ræða allar slíkar hugmyndir til að takmarka áhættu af slíkum rekstri.

Í framhaldi af þessum tillögum var skipaður starfshópur sem fékk það verkefni að gefa út hvítbók um fjármálakerfið. Í henni á að birtast framtíðarsýn stjórnvalda og stefna fyrir fjármálakerfið. Það er von okkar að tillögur starfshópsins skili sér í betri skilningi og auknu trausti almennings á fjármálakerfinu.

Þegar rætt er um framtíð þriggja stóru íslensku viðskiptabankanna, má ekki gleyma því að Íslandsbanki á rætur í einkabönkum, sem voru sameinaðir í einn banka áður en hinir tveir voru einkavæddir. Þess vegna er mikill vilji fyrir því að hann verði settur á markað sem allra fyrst. Vonandi skila þau sjónarmið sér með skýrum hætti, þegar hvítbókin kemur út síðar á árinu enda er það í anda stjórnarstefnunnar.

## Störf stjórnar

Störf stjórnar Íslandsbanka voru með hefðbundnum hætti á síðast liðnu ári. Stjórnarfundir voru samtals 24, þar af 8 símafundir. Stjórnin lagði sérs-

taka áherslu á að kynna sér áhættustjórn bankans og efndi til fræðslufunda m.a. um væntanlegar tæknibreytingar og áhrif nýrra reglugerða á starfsemi fjármálafyrirtækja. Nefndarfundir þriggja undirnefnda, endurskoðunarnefndar, áhættunefndar og stjórnarháttá- og starfskjaranefndar, voru 28 talsins.

Því er stundum haldið fram að stjórnir eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja verji meginhluta tíma síns í að sjá til þess að lögum, reglum og leiðbeiningum sé fylgt, en vanræki að sama skapi stefnumótunarhlutverk sitt. Sjálfsagt er eitthvað hæft í þessu. Þess vegna hefur stjórn Íslandsbanka í auknum mæli tekið beinan þátt í að móta framtíðarstefnu bankans og meiri áhersla verður lögð á það hlutverk í framtíðinni.

## Nýjar reglugerðir

Miklar breytingar eru að verða á fjármálamörkuðum með innleiðingu nýrra reglugerða. Með tilkomu PSD2 tilskipun Evrópusambandsins verður sölu- aðilum gert mögulegt að biðja viðskiptavini um heimild til að nota bankaupplýsingar viðskiptavinarins og geta þannig farið í samkeppni um bankþjónustu. Við sjáum nú þegar að fjártæknifyrirtæki koma af miklum krafti inn á markaðinn. Íslandsbanki hefur undirbúið sig vel og er þegar byrjaður að aðlagja þjónustuna að þessum breytingum og aukinni samkeppni. Eins sjáum við miklar breytingar verða með innleiðingu á MiFID II en markmið þeirrar tilskipunar er að stuðla að því að þróa og tryggja skilvirkni og gagnsæi fjármálamarkaðar ásamt því að auka yfirsýn og tiltrú fjárfesta á markaðnum. Þessar tilskipanir og aðrar, sem eru í farvatninu, munu hafa veruleg áhrif á bankastarfsemi á næstunni.

## Jafnrétti og bætt vinnustaðamenning

Íslandsbanki hefur fengið viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ fjögur ár í röð en stjórnendur fylgja regluverki sem tryggir að bankanum sé stjórnað með ábyrgum hætti. Þessi viðurkenning hefur hvatt okkur til að halda áfram á þeirri vegferð.

Jafnréttismál hafa einnig verið ofarlega á baugi í bankanum enda hjartans mál stjórnar og stjórnenda að skapa jöfn tækifæri fyrir karla og konur. Það er enginn vafi á því að jafnari kynjahlutföll eru öllum til bóta og það hefur sýnt sig í stjórnnum fyrirtækja eftir að lög um kynjakvóta tóku gildi. Fylgja þarf þessari þróun eftir, þannig að hún nái einnig til stjórnendahóps íslenskra fyrirtækja. Meiri fjölbreytileiki eykur verðmæti mannauðsins. Jafnlaunavottun er annað sem hægt

er að nefna sem jákvætt og mikilvægt skref í jafnréttisbaráttunni og hefur sú vinna gengið vel innan bankans. Það hefur verið hollt og gott ferli fyrir stjórnendur að skoða þessi mál ofan í kjölinn.

Umræðan að undanförmu um kynbundna mismunun hefur einnig verið tekin fyrir í bankanum líkt og víðast hvar í samfélaginu. Starfsfólk hefur verið minnt á starfsreglur bankans, stefnu og aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Bankastjóri og framkvæmdastjórn hafa haldið fundi með starfsfólki þar sem þessi málefni eru rædd. Í fyrstu voru haldnir fundir með konum í bankanum og í framhaldi af því voru skipulagðir fundir undir heitinu "barbershop", þar sem karlmenn í bankanum hittast til að ræða kynbundna mismunun. Slíkir fundir verða haldnir næstu misserin enda hafa viðtökurnar verið afar góðar. Það er morgunljóst að brot á reglum bankans í þessum

efnum verða ekki liðin. Öll berum við í sameiningu ábyrgð á því að vinnustaðurinn og vinnustaðamenningin séu til fyrirmyndar og byggi á gagnkvæmri virðingu samstarfsfólks.

## Tillögur til aðalfundar

Fyrir þessum fundi liggja tillögur í samræmi við hlutafélagalög og lög um fjármálafyrirtæki. Í fyrsta lagi leggur stjórn Íslandsbanka til að greiddur verði út arður að fjárhæð 13 milljarðar króna af hagnaði ársins 2017 til hluthafa. Langtímastefna bankans gerir ráð fyrir 40–50% arðgreiðsluhlutfalli, en gerð er tillaga til hærri greiðslu vegna rúmrar eiginfjárstöðu. Samkvæmt tillögunni getur stjórn bankans kallað til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu viðbótararðs kann að verða lögð fram.

Íslandsbanki gaf á síðasta ári út víkjandi skuldabréf að upphæð 750 milljónum sænskra króna eða sem nemur um 9,3 milljörðum íslenskra króna. Þetta er gert til að stuðla að hagkvæmari fjárhagsskipan. Stefnit er að því að nýta hluta af andvirði útgáfu víkjandi lána til sérstakra arðgreiðslna að því gefnu að eiginfjár- og lausafjárstaða bankans sé áfram sterk. Hafa þarf í huga varfærnisjónarmið og þess vegna skipta tímasetningar máli.

Í öðru lagi gerir Bankasýsla ríkisins, sem fer með eignarhald á bankanum, tillögu um að núverandi stjórnar- og varastjórnarmenn verði endurkjörnir. Í þriðja lagi er flutt tillaga þess efnis að Ernst og Young verði áfram falið að endurskoða reikninga félagsins.

Í fjórða lagi liggur fyrir tillaga um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil. Þar er lagt til að þóknunin

hækki um 5% nema fyrir formennsku í nefndum, þar sem þóknun hækkar úr 25 þúsund krónum í 30 þúsund.

Í fimmta lagi liggur fyrir fundinum tillaga um að starfskjarastefna bankans verði óbreytt. Samkvæmt starfskjarastefnunni skal á aðalfundi gera grein fyrir kjörum bankastjóra, framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Í því sambandi vísa ég til upplýsinga í athugasemd nr. 16 á bls. 31 og 32 í samstæðureinkningi.

## Þakkir og lokaorð

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim, sem Íslandsbanki hefur átt samstarf við á árinu. Í því sambandi vil ég nefna starfsmenn og stjórn Bankasýslunnar, starfsfólk Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans en ekki síst endurskoðunarfyrirtækinu Ernst og Young. Viðskiptamönnum bankans þakka ég tryggð og traust. Fyrir hönd stjórnarinnar flyt ég starfsmönnum og stjórnendum bankans bestu þakkir fyrir metnaðarfullt og árangursríkt starf. Sérstaklega þökkum við Birnu Einarsdóttur bankastjóra fyrir afar gott samstarf, en hún er eins og kunnugt er öflugur leiðtogi í daglegu starfi bankans. Sameiginlega ætlum við öll að efla starfsemina og bæta enn þjónustuna við viðskiptavinina á komandi árum.